

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2014

- Rekstrartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 45,3 m€ og 87,3 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2013: 48,4 m€, 1H 2013: 99,3 m€)
- EBITDA nam 9,5 m€ á öðrum ársfjórðungi og 18,7 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2013: 7,5 m€, 1H 2013: 24,1 m€)
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var 4,9 m€ og á fyrri árshelmingi 10,6 m€ (2F 2013: 6,0 m€, 1H 2013: 16,2 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 5,8 m€ á fyrri árshelmingi (1H 2013: 20,6 m€)
- Langtímafjármögnun skammtímaskulda og nýsmíði uppsjávarskipa hefur verið tryggð. Veltufjárhlutfall 30. júní 2014 var 0,69 en ráðgert er að það verði 1,15 eftir að fjármögnun lýkur.
- Birgðir aukast um 10,3 m€ frá áramótum og liggur meginskýringin í árstíðasveiflum.
- Norðanfiskur ehf. er hluti af samstæðureikningi frá 22. maí 2014.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
í þúsundum evra	2F2014	2F2013	1H 2014	1H 2013
Seldar vörur	45.316	48.435	87.262	99.310
Kostnaðarverð seldra vara	(35.202)	(39.812)	(66.059)	(72.307)
Vergur hagnaður	10.114	8.623	21.203	27.003
Aðrar tekjur	796	0	1.323	0
Útflutningskostnaður	(2.499)	(2.713)	(5.388)	(6.065)
Annar rekstrarkostnaður	(1.829)	(1.287)	(4.183)	(2.569)
Rekstrarhagnaður	6.582	4.623	12.955	18.369
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(572)	3.270	(1.306)	2.941
Áhrif hlutdeildarféлага	675	(497)	1.790	(1.502)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.685	7.396	13.439	19.808
Tekjuskattur	(1.754)	(1.380)	(2.871)	(3.586)
Hagnaður tímabilsins	4.931	6.016	10.568	16.222
EBITDA	9.503	7.513	18.653	24.139

Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2014

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2014 námu 87,3 m€, samanborið við 99,3 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 18,7 m€ eða 21,4% af rekstrartekjum, en var 24,1 m€ eða 24,3% árið áður. Kolmunnvertíð á öðrum ársfjórðungi skilaði hærri tekjum en árið áður, en skip félagsins veiddu 41 þús. tonn samanborið við 21 þús. tonn árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,3 m€, en voru jákvæð um 2,9 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 1,8 m€, en voru neikvæð um 1,5 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 13,4 m€ og hagnaður tímabilsins var 10,6 m€.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 356,2 m€ í lok júní 2014. Þar af voru fastafjármunir 287,2 m€ og veltufjármunir 69,0 m€. Eigið fé nam 195,6 m€ og eiginfjárlutfall í lok júní var 54,8%, en var 60,5% í lok árs 2013. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 157,4 m€.

Efnahagsreikningur 30.06.2014 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.06.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	287.173	271.355
Veltufjármunir	69.038	64.903
Eignir samtals	356.211	336.258
Eigið fé	195.641	203.484
Langtímaskuldir	60.171	72.301
Skammtímaskuldir	100.399	60.473
Eigið fé og skuldir samtals.....	356.211	336.258

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 5,8 m€ á tímabilinu, en nam 20,6 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 20,7 m€, þar af nam fjárfesting vegna nýrra uppsjávarskipa 12,3 m€. Fjármögnunarhreyfingar námu 9,4 m€ og voru nettó afborganir langtímalána þar af 4,8 m€. Handbært fé lækkaði því um 5,6 m€ og var í lok júní 6,7 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	1H 2014	1H 2013
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri	5.813	20.612
Fjárfestingarhreyfingar	(20.747)	(9.422)
Fjármögnunarhreyfingar	9.379	(15.822)
Breyting á handbæru fé.....	(5.555)	(4.632)
Handbært fé í lok tímabilsins.....	6.718	4.007

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri helming ársins 2014 (1 evra = 155,33 kr) verða tekjur 13,6 milljarðar króna, EBITDA 2,9 milljarður og hagnaður 1,6 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2014 (1 evra = 153,64 kr) verða eignir samtals 54,7 milljarðar króna, skuldir 24,7 milljarðar og eigið fé 30,0 milljarðar.

Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur á tímabilinu. Unnið er að smíði tveggja nýrra uppsjávarveiðiskipa í Tyrklandi og gengur smíðin samkvæmt áætlun. Gert er ráð fyrir að fyrra skipið verði afhent í upphafi ársins 2015 og síðara í lok ársins 2015. Einnig er verið að ganga frá samningum um smíði þriggja nýrra ísfisktogara og nemur heildarsamningsfjárhæðin 43.950 þús. evrur.

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2014

Á fyrri árshelmingi ársins 2014 var afli skipa félagsins 25 þúsund tonn af botnfiski og 65 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Hluthafar

Arion banki annaðist hlutfjárútboð á hlutum í félaginu sem lauk þann 10. apríl 2014. Vogun hf., Arion banki hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. seldu 25,4% af eignarhlut sínum til 2.500 hluthafa. Í kjölfar útboðsins voru hlutabréf félagsins tekin til skráningar á NASDAQ OMX þann 25. apríl 2014. Markaðsvirði félagsins í lok annars ársfjórðungs var 51,9 milljarðar króna og lokagengi hlutabréfa var 28,5. Hluthafar voru 2.392 í lok ársfjórðungsins.

Kynningarfundur þann 27. ágúst 2014

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi verður haldinn miðvikudaginn 27. ágúst klukkan 16:15 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.

Fjárhagsdagatal fyrir 2014

- Þriðji ársfjórðungur 26. nóvember 2014
- Ársuppgjör 2014, 25. febrúar 2015

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 27. ágúst 2014. Árshlutauppgjör HB Granda hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjórið hefur verið kannað af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.